



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 10.12.2021

Málið varðar auglýsingu um friðlýsingu Bessastaðanes

Fuglavernd fagnar þessari friðlýsingu, en eins og segir í auglýsingunni er Bessastaðanes hluti af stærra svæði sem er á náttúruminjaskrá og er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (á IBA-skrá).

Við vildum því gjarnan sjá hið friðlýsta svæði stærra þannig að það nái yfir alla Bessastaðatjörn og bakka. Þannig yrði markmiði friðlýsingarinnar betur náð.

Okkur þykir miður að eigi að leyfa skotveiði á nokkrum tegundum fugla í nafni æðarræktar. Að okkar mati ætti frekar að leggja áherslu á að notast við aðferðir sem fæla þessar tegundir frá frekar en að farga fuglunum.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri